

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 10. desember var haldinn 134. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:03 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir, og Ólafur Þór Zoéga. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter sérfræðingur- fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Styrkumsókn að upphæð 70.000 kr. fyrir Fólkvang til búnaðarkaupa sem lögð var fyrir fundinn var einróma samþykkt.
2. Kynnt var fyrir ráðinu að tillaga um öryggismyndavélar við aðreynar í þéttbýliskjarna Kjalarness, sem barst í gegnum Betri Reykjavík var hafnað í umhverfis- og skipulagsráði.
3. Frekari vinna í fyrirhuguðum samrekstri almenningubókasafns og skólabókasafns í Klébergsskóla kynntar. Drög að bréfi til Skóla- og frístundasviðs og Menningar- og ferðamálasviðs varðandi þetta mál var kynnt. Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð Kjalarness styður hugmyndir skólastjóra Klébergsskóla um samstarf við Borgarbókasafnið um rekstur bókasafns í húsnæði Klébergsskóla líkt og nú er gert við Norðlingaskóla í Norðlingaholti í Reykjavík. Markmiðið með samstarfinu er að efla tengsl skólans við nærsamfélagið á Kjalarnesi og um leið að styrkja rekstur safnsins. Almennungur á Kjalarnesi hefði þá aðgang að bókasafni í húsnæði Klébergsskóla. Einnig gætu skapast meiri tengsl milli leikskólans Bergs á Kjalarnesi og Klébergsskóla. Með þessu yrði bókasafnsþjónusta aukin til muna á Kjalarnesi en nú kemur bókabíllinn að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði. Óskað er eftir að kannaður verði grundvöllur að slíku verkefni á Kjalarnesi og hvaða kostnaður hlytist af því, t.d. viðbótar starfskraftur og aukinn safnkostur þar sem gert er ráð fyrir að efni fyrir 0-6 ára börn og fullorðna þyrfti að bæta við safnið í núverandi mynd.

4. Lögð var fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. október 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vík á Kjalarnesi. Ráðið gerir engar athugasemdir við tillöguna.
- Kl. 17.36 Hafsteinn Númason tekur sæti á fundinum.
5. Kynnt var ósk ráðsins um auknar ferðir Stætó BS í pöntunarþjónustu hafi verið samþykkt og að Strætó BS óski eftir tillögum að tímasetningum fyrir þessar ferðir. Fundurinn var sammála um að tillögur að tímasetningum verði unnar með tilliti til tengimöguleika við aðrar leiðir og sendar til ungmennaráðs Kjalarness til umsagnar.

Fundi slitið kl. 17:59

Ólafur Þór Zoéga
Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttur
Hafsteinn Númason